



## **Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva, 23. maí 2006 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík kl. 14:00**

Finnbogi Jónsson formaður bauð fundamenn velkomna. Hann bað menn að rísa á fætur í þögn til að minnast Vígfúsar Jónssonar, fyrrum formanns félagsins um áratugaskeið.

Fundur var síðan settur og bar formaður upp tillögu um að hann stjórnaði fundi en Guðbergur Rúnarsson ritaði fundargerð. Tillagan var samþykkt einróma.

Fundastjóri staðfesti að mættir væru fulltrúar fyrir 75% atkvæða í félaginu og að boðað hefði verið til aðalfundarins samkvæmt lögum félagsins. Hann lýsti fundinn löglegan og hóf fundarstörf samkvæmt dagskrá.

### **1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra Landssambands fiskeldisstöðva fyrir árið 2005**

Starfsárið 2005 var að mörgu leyti hefðbundið og tíðindalaust.

Nokkur lög og reglugerðir, sem tengjast fiskeldi beint og óbeint komu til framkvæmda á árinu. Þar á meðal eru ný raforkulög. Eins og kom fram í síðustu árskýrslu LF fyrir árið starfsárið 2004 beitti félagið sér til að ná ásættanlegri niðurstöðu um orkumál með fundum við m.a. ráðuneyti, Orkustofnun og raforkufyrirtækin. Félagið var ekki sátt við niðurstöður þessara viðræðna en ljóst er að áhrif laganna hefðu getað orðið mun verri en raun varð á ef félagið hefði ekki beitt sér. Niðurstaða viðræðnanna var sú að Landsvirkjun veitti nokkrum fyrirtækum afslátt á raforku til tveggja ára. Í framhaldinu sendi LF landbúnaðarráðherra bréf þar sem félagið óskaði eftir því að hann beitti sér fyrir því, að rekstrarforsendur og samkeppnisstaða fiskeldisfyrirtækja versnaði ekki til mikilla muna frá því sem nú væri.

Lög um mengun hafs og stranda komu til framkvæmda í byrjun árs 2006. Félagið beitti sér í samstarfi með Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins að gera áhættumat og viðbragðsáætlun fyrir fiskeldi. Áhættumat og viðbragðsáætlun er vistuð á heimasíðu félagsins.

Lög um lax- og silungsveiði eru til endurskoðunar. S.l. haust var stjórn LF og framkvæmdastjóra boðuð á kynningafund um lögina hjá Karli Axelssyni hrl. hjá Lex-Nestor lögmannastofu. Helsta nýnæmi laxveiðilaganna felast í því að lögnum er skipt upp í fimm ný lög um: Veiðimálastofnun, fiskrækt, varnir gegn fisksjúkdómum, eldi vatnafiska og lax- og silungsveiði. Þar með fær fiskeldið sérlög um fiskeldi sem ráðgert að taki gildi 1. júní n.k. Ýmsar athugasemdir voru gerðar af hálfu fiskeldismanna á þessum lögum og var tillit tekið til sumra þessara athugasemda. Athugasemdirnar sneru einkum að kröfum sem gerðar eru í frumvarpinu, m.a. um rekstrarleyfi fyrir fiskeldi, eftirlitskostnað, rannsóknaskyldu og vöktun og um innflutning á notuðum fiskeldisbúnaði.

Félagið hefur reynt að hafa jákvæð áhrif á reglugerðarvinnu stjórnvalda með umsögnum og gerð tillagna. Hér má m.a. nefna vinnu við samræmt starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar á landi og sjó.

Nokkrir fundir voru á árinu um s.k. vigtarreglugerð og framkvæmdastjóri LF og ýmsir félagar LF hafa lagt mikla vinnu í að móta þá reglugerð til hagsbóta fyrir eldið. Reglugerðin tekur gildi 1. mars 2007.

Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2004 var haldinn hér í húsinu, 31. maí 2005. Í tengslum við aðalfundinn stóð LF fyrir fiskeldisráðstefnu í samstarfi við ýmsa aðila og sóttu um 40 manns ráðstefnuna.

Engar sérstakar deilur voru á árinu við önnur hagsmunasamtök um áhrif fiskeldis, eins og voru til að mynda á haustmánuðum 2003. Fréttablaðið birti frétt um að einn meintur norskur eldislax hefði veiðst



í Breiðdalsá í lok júlí 2005. Fréttin vakti nokkra athygli en fiskeldismenn á Austurlandi gerðu ágætis grein fyrir því að engin lax hefði sloppið úr þeirra eldi svo vitað væri.

Nýir félagar bættust í félagið á árinu en það eru þorskeldisfélögin Guðmundi Runólfsson í Grundafirði, Brim – fiskeldi í Eyjafirði og Veiðibjallan ehf í Neskaupstað.

Þrátt fyrir fjölgun nýrra félaga hefur orðið fækkun á félögum í LF milli ára, atkvæðafjöldi hefur minnkað og þar með tekjur félagsins. Atkvæðafjöldi á aðalfundi 2005 var 61 en er nú aðeins 52. Helsta ástæða þessarar þróunar er minni framleiðsla og fækkun fyrirtækja í félaginu. Eitt félag, Sæbýli ehf. fór í rekstrarstöðvun og þrot á starfsárinu. Annað félag, Veiðibjallan ehf. var sameinað Síldarvinnslunni í Neskaupstað. Gripið var til sérstakra aðgerða til að minnka kostnað og samið við Samtök fiskvinnslustöðva um tímabundinn afslátt til tveggja ára á rekstrasamningi við félagið. Þessi afsláttur nam 250 þúsundum krónum á síðasta ári og er 500 þúsund krónur í ár.

Á vegum Embættis yfirdýralæknis kom út skýrsla á árinu um úttekt á þrávirkum lífrænum efnum m.a. díoxíni, í íslenskum eldislaxi og silungi. Niðurstaða skýrslunnar er sú að þrávirk lífræn efni í eldisfiski frá Íslandi er langt undir mörkum Evrópusambandsins og í raun sambærilegt við það sem gerist best í villtum laxi.

Félagið er aðili að tveimur alþjóðlegum félögum, ISFA og FEAP. Nokkrar umræður voru á árinu um hvort Landssambandið ætti að hætta þátttöku sinni í þessum félögum, enda er kostnaður nokkur. Niðurstaða náðist í málinu og samþykkti stjórn Landssambandsins áframhaldandi þátttöku vegna þeirra hagsmunagæslu sem þar fer fram við Evrópusambandið og umhverfi fiskeldis í heiminum. Nýlega hefur farið fram endurskipulagning á starfsemi ISFA og munu LF njóta þess í lægri árgjöldum.

Á árinu var stofnuð ný vinnunefnd innan Landssambandsins sem ber heitið Heilbrigðisnefnd Landssambands fiskeldisstöðva. Nefndin hefur haldið einn fund á þessu almanaksári. Vegna fráfalls Vigfúsar Jóhannssonar í mars s.l., en hann var lykilmaður í nefndinni, hefur starfið legið niðri.

Nokkuð er um að erlendar fyrirspurnir til félagsins um ýmis málefni. Þar á meðal fékk félagið fyrirspurn frá norskum fiskeldisnemendum og skipulagði LF í samvinnu við Fiskifélag Íslands ferð þeirra hér á landi á s.l. vori. Fyrirspurn kom um Evrópu verkefni um endurnýtingu vatns í fiskeldi í samstarfi við m.a. Hollendinga og þátttöku í öðrum rannsóknaverkefnum o.fl. Þá gera áhugasamir erlendir kaupendur og seljendur vart við sig með ýmsum fyrirspurnum, m.a. um kaup á bleikjuhognum eða sölu á búnaði. Skrifstofan reynir að sinna öllum slíkum fyrirspurnum og beina þeim í réttan farveg.

Skrifstofa LF hefur átt ýmis samskipti og samvinnu við ráðuneyti landbúnaðar, sjávarútvegs, utanríkis og iðnaðar auk Umhverfisstofnunar á síðasta starfsári. Þá hafa samskipti og samstarf um sameiginleg mál aukist jafnt og þétt við önnur hagsmunafélög sem eru hér í húsinu s.s. Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök atvinnulífsins, Samtök Iðnaðarins, LÍÚ o. fl.

Félagið stóð að kynningu á bleikju á sjávarútvegssýningunni í Brussel, 9 til 11. maí s.l. í samstarfi við sölufyrirtækið Menju ehf. og Samherja hf. Sótt var um styrki til AVS rannsóknasjóðs og til landbúnaðarráðuneytis til að standa undir hluta kostnaðar við sýninguna.

Í samstarfi við Faghóp AVS um fiskeldi og Hólaskóla hefur LF ákveðið að taka þátt í bleikjuráðstefnu sem verður haldin 27. október n.k. Nokkuð hefur verið unnið að undirbúningi ráðstefnunnar í vetur.

**Eldið - Seld framleiðsla í tonnum, heill óslægður fiskur**

	Áætlun											
	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995
Lax <i>Atlantic Salmon</i>	7.015	6.094	6.620	3.700	1.471	2.645	3.370	3.003	2.742	2.580	2.990	2.880
Bleikja <i>Arctic Charr</i>	2079	977	1336	1670	1540	1320	1364	850	731	630	531	471
Regnbogi <i>Rainbow trout</i>	20	50	142	180	248	105	95	70	372	580	313	379
Lúða <i>Halibut</i>	196	134	134	95	120	93	30	13	10	2	0	0
Sandhverfa <i>Turbot</i>	80	50	85	32	9	3	0	0	0	0	0	0
Barri <i>Seabass</i>	0	0	0	80	3	20	20	15	12	3	0	0
Sæeyra <i>Red Abalone</i>	2	4	4	6	24	23	15	8	1	0	0	0
Þorskur <i>Cod</i>	1200	1050	600	390	205	70	11	0	0	1	37	35
<b>Samtals</b>	<b>10.592</b>	<b>8.359</b>	<b>8.921</b>	<b>6.153</b>	<b>3.620</b>	<b>4.279</b>	<b>4.905</b>	<b>3.959</b>	<b>3.868</b>	<b>3.796</b>	<b>3.871</b>	<b>3.765</b>
Breyting frá fyrra ári %	27%	-6%	45%	70%	-15%	-13%	24%	2%	2%	-2%	3%	-

**2. Reikningar félagsins**

Framkvæmdastjóri LF kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2005 sem var endurskoðaður af Karli Antonssyni án athugasemda.

Rekstrartekjur á árinu 2005 voru kr. 4.185.003. Rekstrargjöld voru kr. 3.689.010. Fjármagnstekjur voru 44.771 og afkoma ársins jákvæð um kr. 540.764.

Niðurstaða efnahagsreiknings 31.12.2005 var 1.345.450, þar af er eigið fé 1.091.720.

Farið var yfir einstaka liði ársreikningsins og hann var einróma samþykktur á fundinum.

**3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006****Tekjur:**

Álögð félagsgjöld 2005: 3.900.000

**Gjöld:**

Rekstrarsamningur við SF: (1) 2.800.000

Erlend félagsgjöld (ISFA og FEAP): 450.000

Sérfræðiaðstoð: 60.000

Fundur, ráðstefnur og ferðalög: 150.000

Annað: 100.000

Samtals gjöld: 3.560.000

Tap (-): 340.000

**Skýringar:**

1. Með tímabundnum 500.000,- kr. afslætti.

**4. Árgjald**

Ein tillaga kom fram um árgjald hækki úr 70.000 kr. í 75.000 kr. og aukaaðildargjald úr 35.000 kr. í 37.500 kr. Tillagan var samþykkt á mótatkvæða.



### 5. Kosning formanns, stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda

Fram kom ein tillaga um formann, stjórn og varamenn og var hún samþykkt einróma.

#### Stjórn LF skipa.

Formaður stjórnar: Finnbogi Jónsson

Meðstjórnendur: Jón Kjartan Jónsson, Arnar Freyr Jónsson, Jóhann Geirsson og Jónas Jónasson.

Varastjórn: Benedikt Kristjánsson, Gunnar Steinn Gunnarsson og Hlífur Karlsson

#### Kjör endurskoðenda

Formaður bar upp tillögu um endurskoðendur, þá Jóhann Pétur Andersen og Braga Bergsveinsson og tillagan var samþykkt.

### 6. Ákvörðun um laun stjórnar og endurskoðenda

Samþykkt var að stjórn verði án launa en kostnaður við endurskoðun verði samkvæmt reikning.

7. Önnur mál voru engin og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum góðan fund og gott samstarfið á árinu og sleit fundi.

Fleira var ekki gert. Aðalfundi lauk kl. 14:40.

Reykjavík, 23. maí 2006

Guðbergur Rúnarsson framkv.st. LF

Finnbogi Jónsson formaður

Jón Kjartan Jónsson

Arnar Freyr Jónsson

Jónas Jónasson

Jóhann Geirsson